SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013 með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar.:

a. 2. tölul. í B. lið fellur brott og breytist röð þeirra tölusetninga sem á eftir koma sem því nemur.
b. 4. tölul. í B. lið verður svohljóðandi:
   Velferðarráð. Sjö aðalmenn og jafnmarga til vara. Ráðið fer með verkefni félagsmálanefndar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 auk verkefna samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um málefni aldraða nr. 125/1999.
c. Við bætist nýr stafliður, sem verður stafliður C. Núverandi C. liður verði D. liður og C. liður verði svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:
   Til fimm ára. Á reglulegum fundi bæjarstjórnar:
   1. Umdæmisráð barnaverndar. Bæjarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum í samræmi við samkomulag um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum.

2. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki I, um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar sem birtur er með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
þann 23. maí 2023.

Pálmi Þór Másson
bæjarritari

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026